

Fundargerð hagsmunaaðilafundur

Heiti og númer verkefnis:	Borgartún 24
Dagsetning:	16. ágúst 2017
Mættir starfsmenn RVK	Björn Axelsson, Björgvin Rafn Sigurðarson, Haraldur Sigurðsson, Óli Örn Eiríksson, Borghildur Sölvey Sturludóttir. Ingvar Jón Bates Gíslason ritaði fundargerð. Gunnar Hersveinn var fundarstjóri.

Nr.	Dagskrárliður	Tími
1	Gunnar Hersveinn opnar fundinn.	16:31
2	Haraldur Sigurðsson kynnir Aðalskipulag Reykjavíkur með áherslu á Borgartún-miðsvæði M6a.	16:33
3	Ásdís Helga Ágústsdóttir arkitekt frá Yrki-arkitektar kynnir Rammaskipulag fyrir reitinn.	16:44
4	Óli Örn Eiríksson kynnir samningsmarkmið borgarinnar.	17:07
5	Ásdís Helga Ágústsdóttir kynnir deiliskipulag og skuggavarp.	17:27
	Athugasemdir	Svör
6	Kristmundur Ásmundsson: Samkomulag vantar milli eigenda, tam. hvernig eigi að standa að t.d. bílastæðamálum. Aðgengi að Borgartúni: kolstíflað, einnig bílastæði að degi til. Myndast vindgöng í harðri norðanátt? Hvernig verður veðrið í götunni? Aðrennsli og frárennsli umferðar?	Björn: Höfðatorgs-turninn er vissulega hár. Þar er vindurinn mestur efst. Það verða engin líkindi við þann turn. Mánaþúns-blokkir er í raun meiri áhrifavaldur veðursfarlega séð. Suð-austan áttin brotnar niður. Hefur þó ekki verið skoðað neitt sérstaklega. Ásdís Helga: Jú, reyndar; vindrósin hefur sýnt ríkjandi vindáttir. Strekkingur af hafi skellur stundum á Höfðatorgs-turninum sem verður aldrei í Nótatúni.
7	Birna Stefnisdóttir 1. Í ljósi samþykktar frá 2014; er eðlilega boðað til þessa fundar? Það þurfti að kreista hann út, hann er ekki á heimasíðunni. Er þetta eðlilega boðað? 2. Það er ekki komið skuggavarp við upphaf fundar: er ekki eðlilegt að lengja frestinn? Það voru engin bréf á Mánaþúni.	Björn: Já, það var rétt staðið að boðun fundarins í dag. Það var búið að lengja umsagnarfrest. Það er engin ástæða til að deila því um alla borg. Þið kölluðuð eftir þessum fundi og við komum til móts við ykkur og héldum fundinn.



8	Höskuldur Er búið að kanna umferðarflæði? Borgartúnið er sprungið!	Haraldur: varðandi umferðarmál samkvæmt Aðalskipulagi. Borgartún getur borið all mikla þéttingu byggðar. Það verður farið í lausnir hér, Borgartúnið er breytt. Íbúðir skapa almennt minni umferð í hverfinu en þjónusta og viðskipti sem er víkjandi í núverandi skipulagi og útfærslu.
9	Dennis Jóhannsson Hvernig sjáið þið fyrir ykkur aðkomu íbúa að þessu skipulagi?	Björn: Við förum eftir lögum og reglum, sem sé lögformlegum leiðum. Skriflegar athugasemdir eru teknar til greina. Við erum alltaf að reyna að bæta okkur og prófa nýjar leiðir.
10	Jón Norland Það er búið að sprengja upp húsin okkar; þær eru sýndar í Mbl. í dag og við höfum fengið margar fyrirspurnir frá viðskiptavinum okkar vegna rangrar myndar - hvaðan kemur myndin? Við viljum ekki bílakjallara, aldrei! Það hefur oft komið fram. Hvað varð um 3-5 hæðirnar? Eru fjárfestar enn og aftur að sprengja upp rammann? Hverskonar kennileiti er þetta hús? Blokk á horni er ekki kennileiti! Það eru sprungur í húsinu okkar Smith & Norland: hver er ábyrgð borgarinnar þegar sprengt er?	Óli: Borgin byggir engan bílakjallara, aðeins eigendur. Deiliskipulagstillagan er með aðeins einn bílakjallara undir Borgartúni 24. Hver lóð leysir sín bílastæðamál. Borghildur: þetta er tillaga, margir hönnuðir vildu hanna eða sýna ákveðið kennileiti á þessu horni. Ásdís: ég er ekki í samband við mbl., hvernig dettur þér í það? Björn: þetta (myndir) er allt á netinu, þetta er samkeppnistillaga. Sprengingar eru á ábyrgð verktaka.
11	Einar Páll Svavarsson Mánatún 17 (skýtur inn) Hver ákvað að koma með 7 hæðir?	Björn: það þótti sjálfsagt að gera vel úr þessu horni. Það var enginn einn aðili sem óskaði eftir þessu, þ.e. 7 hæðum. Þetta var borið undir skipulagsráð á sínum tíma og þótti bera af. Tillagan var ekki valin af lóðarhöfum.
11	Kristin Birna, Samtún 7 Ég er hokin af reynslu. Ég skil ekki boðið. Það berst með of stuttum fyrirvara. Mér bregður að sjá hvernig Arion-banki nær út á horn og tekur útsýnið af mér. Er þetta sama trikk og með Höfðatorgs-turninn? Hann var kynntur sem 21 hæð en endaði í 19 hæðum! Á þetta að taka mína mannsævi að það sé verið að sprengja í hverfinu? Skuggavarpið á sínum tíma (Turninn) var ekki sönn. Það er búið að skerða lífsgæði okkar!	Ásdís: það á engin í útsýni. Það er ekki hægt að ræða það, það ekki til í skipulagi.
12	Ónefndur fundargestur Megum við eiga von á því að vera boðuð á fund við hvern áfanga? Hvernig getum við fylgst með áfram?	Bréf berst eftir þennan fund og frekari gögn verða sett á netið.



13	Björn Hermannsson Meira skuggavarp. Hefur Borgartún 24 étið upp allt byggingarmagnið?	Björn: nei, það er per lóð, rammaskipulagið segir til um uppbyggingarhugmyndir á hinu lóðunum.
14	Hilmar Guðmundsson Þýðir eitthvað að berjast á móti þessu? Það er gengið allt, allt of langt!	Björn: Við erum að hlusta. Íbúalýðræði er okkur mikilvægt og við tökum þennan fund til athugunar og þær .
15	Aðalsteinn Steinþórsson Mánatún 13 Hvers vegna er ekki hægt að halda sig við upphafleg plön? Fundurinn er ólöglegur: Hann var ekki kynntur samkvæmt 40 gr. skipulagslaga.	Björn: Já, við stóðum mjög vel að öllum auglýsingum deiliskipulags og áframhaldandi málsmeðferð. Hann er löglegur.
16	Einar Páll Svavarsson Mánatún 17 Rammaskipulag er lögleysa. Íbúum er bolað út á subbulegan hátt til að geta vélað með skipulagið. Er ekki eðlilegt að ýta rammaskipulaginu út af borðinu og koma að deiluskipulagi fyrir allan reitin í stað þess að véla um með lóðina með einum fjárfesti?	Björn: Rammaskipulagsfyrirkomulagið er ekkert subbulegt, ég tek ekki undir það. Við höfum verið að prófa þetta t.d. í Skeifunni, við þreifum okkur áfram. Við tökum þetta til okkar, en kannski er þetta of lítil eining, Borgartún 24. Sú lóð er hinsvegar í anda rammaskipulagsins og allar hinar lóðirnar munu falla undir þetta. Nei. Eg er sammála því að taka til greina þessar athugasemdar við þetta horn. Óli: Rammaskipulagið gengur út á að borgin skoðar allan reitin, ekki eina og eina lóð eins og gagnrýnin gekk út á áður. Við skoðum málin heilstætt, lóðarhafa hafa frumkvæðið og þá getur deiliskipulagið farið af stað.
17	Þorkell Sigurlaugsson, Mánatún 15 Getur ekki hópur íbúðareiganda í nágrenninu unnið með borginni? Ég hef áhyggjur af umferðarmálum, t.a.m. Guðmundar Jónasson-reitnum. Hvað með aðra eigendur, t.a.m. Arion-banka? Eru þeir sáttir við þessa hugmyndafræði sem er að mörgu leyti áhugaverð? Hvernig komum við að vitrænni umræðu milli hagsmunaaðila svo við séum ekki í þessu skítkasti?	Send verða bréf eftir þennan fund þar sem að ný gögn verða kynnt á heimasíðu Reykjavíkurborgar. Samhliða því verður athugasemdafrestur lengdur.
18	Þorkell Sigurlaugsson, Mánatún 15 Er trúverðugt að vera kominn þetta langt og ekki vita hver er að fara að byggja á horninu?	Björn: Ég mótmæli því að við séum að ganga erinda fjárfesta, algerlega. Þetta þarf allt að fara fyrir kjörna fulltrúa. Það er heilmikið er eftir í þessu ferli. Ég hef ekki hugmynd um hver á þessa lóð, svo „mikið“ er ég nú í sambandi við þessa aðila.



Ritað: Ingvar Jón Bates Gíslason

Fundi lokið 18:28